

Lykilupplýsingar

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þennan sjóð. Það er ekki markaðsefni. Samkvæmt lögum skulu upplýsingarnar hjálpa þér við að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa þær svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú ræðst í fjárfestingu.

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið

Markmið sjóðsins er að hámarka ávöxtun hlutdeildarskírteinis-hafa með því að fjárfesta í dreifðu safni skuldabréfa með virkri stýringu.

Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn hefur heimildir til að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum, fjármálastofnunum, opinberum aðilum ásamt öðrum skuldabréfum með eða án trygginga. Sjóðurinn hefur einnig heimild til að fjárfesta í innlánum fjármála-fyrirtækja, fagfjárfestastjóðum sem og skuldabréfum með breytirétti. Sjóðurinn getur fjárfest í óskráðum fjármálagern-ingum, allt að 30% af sjóðnum.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda þeirra í samræmi við reglur hans. Innlausnargengi er reiknað daglega. Athygli er vakin á því að við sérstakar aðstæður kann innlausn að verða frestað

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins er endurfjárfest.

Ráðlegging: Sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan 2 ára.

Áhætta og ávöxtun



1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Áhættumælikvarðinn og helstu takmarkanir

- Sjóðurinn fellur í flokk 3 en það gefur til kynna að gengi hluta hans er háð nokkrum breytingum. Í samræmi við það getur tapsáhætta og möguleikar til ávöxtunar verið í meðal-lagi.
- Áhættuflokkunin er áætluð, byggð á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspeglar framtíðaráhættusnið sjóðsins.
- Ekki er hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun haldist ó-breytt og kann flokkunin að breytast með tímanum.
- Lægsti flokkur áhættu þýðir ekki áhættulausa fjárfestingu.
- Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð.

Frekari upplýsingar um áhættu

Áhættur sem kunna að skipta máli í rekstri sjóðsins en áhættu-mælikvarðinn tekur ekki til eru: Lánsáhætta, lausafjáraáhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta.

Frekari upplýsingar um áhættu sjóðsins er að finna í útboðslýs-ingu hans sem liggur frammi á starfsstöð félagsins og á www.stefnir.is

Gjöld fyrir þennan sjóð

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu

Gjald við kaup 1%

Gjald við sölu 0%

Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu.

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli

Viðvarandi gjöld 1,0%

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður

Árangurstengd þóknun Engin

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

Fyrri árangur

Gjöld vegna kaupa og sölu eru hámarksgjöld sem rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins.

Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum ársins 2020. Upplýsingarnar taka mið af mati á líklegum sviðsmyndum í rekstri sjóðsins til framtíðar. Þær kunna að sæta fyrirvaralausum endurrmati. Fjárhæð þeirra kann að vera breytileg frá ári til árs. Undanskilin eru: Viðskiptakostnaður vegna eignasafns, nema þar sem sjóðurinn greiðir gjald vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina í öðrum sjóði.

Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á skrifstofu rekstrarfélagsins eða á www.stefnir.is.

Ávöxtun í fortíð er ekki áreiðanleg vísbending um ávöxtun í framtíð.

Við útreikning er tekið tillit til gjalda og þóknana.

Sjóðurinn er stofnaður árið 2020. Gögn um fyrri árangur sjóðsins liggja því ekki fyrir við útgáfu þessa skjals.

Árangur sjóðsins er reiknaður í íslenskum krónum.

Hagnýtar upplýsingar

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf.

Frekari upplýsingar um sjóðinn, eintök af útboðslýsingu hans, ársreikning og árshlutareikning, á íslensku, eru fáanleg án endurgjalds á skrifstofu félagsins og á heimasíðu þess, www.stefnir.is. Þar er jafnframt að finna gengi sjóðsins.

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi, samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996.

Fjárfestum er bent á að skattalöggjöf heimaríkis þeirra kann að hafa áhrif á skattalega stöðu þeirra.

Stefnir hf. ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingar fjárfestingarsjóðsins.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru aðeins gefin út í einum flokki.